



Reykjavík, 8. febrúar 2024

MIR24010004

ERINDISBRÉF

Stýrihóps um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþróttum – og frístundastarfi.

Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Inngangur:

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð samþykkti á 105. fundi sínum 12. janúar 2024 tillögu meirihluta Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Framsóknarflokks um að settur verði á fót stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþróttum – og frístundastarfi þar með talið listnámi.

Tölfræði um nýtingu frístundastyrksins í Reykjavík gefur til kynna að þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi sé talsvert undir meðallagi í tveimur hverfum borgarinnar, Breiðholti og Kjalarnesi og sé sömuleiðis marktækt minni í miðborginni. Að meðaltali nýttist frístundastyrkurinn um og yfir 80% barna í borginni en í Breiðholti er hlutfallið einungis 60%, á Kjalarnesi er það 65% og um 70% í Miðborginni. Þá er kynjamunur hvergi meiri en á Kjalarnesi þar sem 73% stráka nýta styrkinn en einungis 58% stúlkna.

Framtíðarsýn með stefnu Reykjavíkurborgar í íþróttamálum til ársins 2030 er að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu. Öflugt og fjölbreytt íþróttastarf sem snertir fjölbreytta markhópa skiptir miklu máli í forvörnum, félagslegu starfi og að byggja upp gott samfélag. Reykjavíkurborg styrkir börn og unglunga til þátttöku í íþróttum og frístundastarfi með Frístundakortinu sem er mjög mikilvægur þáttur í að auka og jafna aðgengi að íþróttum og félagsstarfi.

Samstarf í hverfum borgarinnar er einnig lykilatriði í því að hafa jákvæð áhrif á gildi og viðmið þegar litið er til forvarna.

Hópurinn verði skipaður þremur fulltrúum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, tveimur frá meirihluta og einum frá minnihluta. Að auki starfi með hópnum fulltrúi frá íbúasamtökum Kjalarness, íbúaráði Kjalarness, Ungmennafélagi Kjalarness og Klébergsskóla auk starfsfólks menningar- og íþróttasviðs.



Reykjavík

**Hlutverk:**

Leitað verði skýringa á því hvers vegna færri börn og ungmenni nýta frístundastyrkinn á Kjalarnesi en flestum öðrum hverfum borgarinnar.

Að móta tillögur um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþróttá – og frístundastarfi þar með talið listnámi.

Helstu verkefni:

- Vinna greiningu á þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþróttá– og frístundastarfi þar með talið listnámi.
- Vinna tillögur að aðgerðum til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþróttá – og frístundastarfi þar með talið listnámi.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, formaður MÍT

Sabine Leskopf, borgarfulltrúi

NN, borgarfulltrúi

NN, fulltrúi íbúaráðs Kjalarness

NN, UMFK

Sigrún Anna Ólafsdóttir, fulltrúi Klébergsskóla

Hildur Guðbjörnsdóttir, fulltrúi íbúasamtaka Kjalarness

Starfsmaður starfshópsins:

NN

Til ráðgjafar og samstarfs:

Leitað verði ráðgjafar og hugmynda frá öðrum sviðum og stofnunum borgarinnar eftir þörfum. Þá verði fulltrúar starfsfólks menningar- og íþróttasviðs einnig með í starfinu.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 1. júní 2024.

[Undirritun ábyrgðarmanns]

Hjálagt:



Reykjavík